

## **Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof (afkomuöryggi, meðgönguorlof, vinnutímastytting foreldris), 955. mál.**

Umsögnina skrifar Anna Mjöll Guðmundsdóttir forman Fyrstu fimm – hagsmunafélags foreldra og fagaliða um barn- og fjölskylduvænna samfélag.

Fyrstu 1000 dagarnir (frá upphafi meðgöngu að 2 ára aldri barns) eru, samkvæmt rannsóknum helstu sérfræðinga á sviði tauga- og heilabroska, sá tími sem skiptir sköpum fyrir farsæld barna ævina á enda. Á þessum árum skiptir hvað mestu að börn fái þörfum sínum mætt af umönnunaraðilum sem standa þeim næst, sem í flestum tilfellum eru foreldrar þeirra. Til þess að foreldrar hafi forsendur til að sinna þörfum barna sinna á þessum mikilvæga tíma er nauðsynlegt að draga sem allra mest úr álagi og streitu á foreldra ungra barna en því fylgir gríðarlegur samfélagslegur og hagrænn ávinningur til lengri tíma. Til þess að skapa barn- og fjölskylduvænna samfélag þurfum við að styðja og hlúa vel að foreldrum ungra barna og koma þannig í veg fyrir óþarfa áföll og streitu í umhverfi þeirra á mikilvægustu mótunarárunum. Einn mikilvægur liður í því að draga úr álagi og streitu er að tryggja afkomuöryggi fjölskyldunnar með því að fyrstu 350.000 kr. af viðmiðunartekjum foreldra fyrir greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði verði óskertar en einnig með því að innleiða lögbundið meðgönguorlof og rétt foreldra til foreldrastyttingar að loknu fæðingarorlofi.

Það er gríðarlega mikilvægt að foreldrar fái rými og stuðning til að mynda traust og örugg tengsl við börnin sín, sérstaklega á fyrstu 1000 dögum. Í langflestum tilfellum eru foreldrar og nánasta fjölskylda ungs barns með miklu betri forsendur til að elska það og annast á þann hátt sem barnið þarf á þessum mikilvæga tíma frekar en aðrir aðilar. Þó að aðrir umönnunaraðilar svo sem leikskólastarfsmenn og dagforeldrar séu margir mjög færir þá er kerfið á Íslandi þannig uppsett að þeir eru oftast að sinna of mörgum börnum í einu á krefjandi aldri (og á undanþágu um fjölda barna á hvern umönnunaraðila sem er miklu hærra en tíðkast í nágrannalöndum okkar þar sem víðast er búið að innleiða lög um að 1 starfsmaður annist mest 3 börn undir 3 ára aldri). Börn á þessum aldri þurfa gríðarlega mikla athygli og einstaklingsbundna umönnun. Samfélagið ætti að gera allt til að veita foreldrum hvatningu og stuðning til að geta verið meira sjálf til staðar fyrir börnin sín á þessu viðkvæma æviskeiði. Ásamt því ætti að tryggja að þær stofnanir sem hugsa um ung börn, svo sem leikskólar og dagforeldrar, séu af hæstu gæðum og þar sé stutt við starfsfólk og fagaðila til að geta sinnt sínu starfi af heilindum, til dæmis með því að tryggja að ekki séu of mörg börn í of litlu rými

með of fáa fagaðila. Í þeim tilvikum sem foreldrar eiga erfitt með að sinna ungu barni sínu á þann máta sem uppfyllir þeirra þarfir þarf að vera til staðar úrræði sem að styðja við foreldrið og fjölskylduna og þannig stuðlar að öruggum tengslum og geðheilsu allrar fjölskyldunnar.

Til þess að samfélag geti talist barnvænt þarf að ríkja jöfnuður og öll börn, óháð afkomu foreldra, eiga að fá að njóta sín og fá sem best veganesti út í lífið. Samvera og einstaklingsmiðuð umönnun frá foreldrum ætti ekki að vera forréttindi fárra heldur mannréttindi allra. Það er vitað að forvarnir og stuðningur við foreldra ungra barna dregur mjög úr vandamálum seinna meir sem leggst af miklum þunga á heilbrigðis- og menntakerfið og með því að leggja áherslur á barn- og fjölskylduvænar aðgerðir má spara gríðarlegar fjárhæðir til langs tíma fyrir samfélagið.

Fæðingalæknar og ljósmæður hafa lengi bent á og barist fyrir því að Ísland feti í fótspor nágrannalanda okkar þar sem algengt er að barnshafandi konur fái meðgönguorlof fjórum vikum fyrir settan dag. Sérfræðingar á þessu sviði benda á mikilvægi hvíldar fyrir farsæla fæðingu og almennt betra heilsufar móður og barns. Með því að lögfesta rétt á meðgönguorlofi er verið að tryggja betri heilsu en einnig mikilvægt afkomuöryggi tilvonandi foreldris. Það á ekki að vera stéttaskipt hverjir hafa efni á að hvílast á þyngsta og erfiðasta tíma meðgöngunnar heldur almenn mannréttindi.

Árið 2019 setti Norræna ráðherranefndin á fót samstarfsverkefni til þriggja ára meðal norðurlandanna um velferð og vellíðan á fyrstu æviárunum sem nefnist „Fyrstu 1000 dagar barnsins“. Íslenskir ráðherrar heilbrigðis-, félags- og barnamála áttu frumkvæði að verkefninu og ýttu því úr vör og var Embætti landlæknis falið að leiða verkefnið af Íslands hálfu. Rannsakað var hvernig Norðurlöndin eru, í ljósi sinna sterku innviða, í stakk búin til að veita börnum heilbriggt upphaf í lífinu. Út voru gefnar þrjár skýrslur og í þeirri síðustu voru settar fram tillögur að stefnumótandi aðgerðum fyrir hvert land fyrir sig.

Meðal tillagna til stefnumótunar á Íslandi er eftirfarandi:

- Að styðja aðgerðir sem hvetja til meiri samveru foreldra við börnin sín á fyrstu árunum t.d. með meiri sveigjanleika og lögbundið val um lækkað starfshlutfall
- Að auka stuðning við foreldra á meðgöngu og auka til muna foreldrafræðslu
- Að vinna kerfisbundið að barnvænna samfélagi

- Að auka meðvitund og þekkingu á mikilvægi fyrstu áráanna
- Að auka virðingu fyrir foreldra- og umönnunarhlutverkinu
- Að lengja fæðingarorlof
- Að skilgreina ábyrgð stjórnvalda, borgar-/ sveitastjórna og atvinnulífsins þegar viðkemur forgangsöröðun í þágu barna
- Að börn séu færri klukkustundir á dag í leikskólum eða hjá dagforeldrum

Frumvarp þetta er frábært skref að barn- og fjölskylduvænna samfélagi og styður Fyrstu fimm við það heils hugar enda ríma þessar áherslur vel við stefnu okkar og markmið sem eru hér meðfylgjandi:

- Að gera Ísland að barn- og fjölskylduvænna samfélagi og að Ísland verði í fararbroddi þegar kemur að stöðu barna.
- Að fæðingarorlof verði lengt enn frekar og verði valkostur til að brúa bil á milli fæðingarorlofs og leikskóla sérstaklega í ljósi þess að börn komast ekki í leikskóla fyrr en við 18-20 mánaða aldur og oft seinna.
- Að innleitt verði meðgönguorlof frá 36 viku meðgöngu.
- Að aðstandandi fái umönnunarorlof fyrsta mánuð eftir fæðingu barns.
- Að draga úr streitu hjá fjölskyldum svo þær geti stutt betur við börn sín á fyrstu og viðkvæmstu árunum.
- Að hvetja til stóraukinnar foreldrafræðslu strax frá meðgöngu.
- Að hvetja til aukinna forvarna, hvata og stuðnings fyrir foreldra.
- Að hvetja til jafnréttis- og foreldrafræðslu fyrir verðandi feður.
- Að einstaklingar hafi lagalegan rétt til að lækka starfshlutfall og auka sveigjanleika til að sinna umönnun barna sinna.
- Að taka afstöðu með leikskólasamfélaginu um að skilyrði verði með besta móti í leikskólum landsins fyrir börn og starfsfólk.
- Að styðja áköll „Fyrsti 1000 dagarnir“ hópsins, Barnaheilla, Geðhjálp, Geðverndar og 70/30 verkefni WaveTrust í Bretlandi (70% minni áföll í æsku fyrir 2030).
- Að auka val fjölskyldna þegar kemur að umönnun barna á fyrstu æviárunum með því:
  - Að stytta vinnuviku barna með því að bjóða 6 klst. gjaldfrjálsa í leikskóla.
  - Að foreldrar, sem kjósa að hafa barn sitt heima hálfan eða heilan dag, fái styrk sem nemur 30-60% af því fjármagni sem sveitafélög greiða með hverju barni á mánuði fyrir leikskóla.